

**Nd.**

**737. Nefndarálit**

[178. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar. Leitaði hún umsagnar ríkisendurskoðunar um málið varðandi kaupverð og lánskjör. Ríkisendurskoðun gerði ekki athugasemdir við frv. og benti á „að skuldabréf fyrir kaupverði er verðtryggt að fullu miðað við lánskjaravísitölu auk þess sem það ber hæstu vexti af slíkum lánskjölum. Slík skjöl hafa fram að þessu þótt góð fjárfesting og ávöxtunarleik hjá sparifjáreigendum.“

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. lagði til að frv. yrði samþykkt en Hjörleifur Guttormsson skilar séráliti.

Alþingi, 3. maí 1984.

Páll Pétursson,  
form., frsm.  
Ingvar Gíslason.

Kristín Halldórsdóttir,  
með fyrirvara.  
Friðrik Sophusson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.  
Gunnar G. Schram.